

Fundargerð – 559. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 11. júní kl. 16:30 í fundarsal Kölku.

Mættir: Ingbór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Öundur Jónasson, Svavar Grétarsson, Eiður Ævarsson og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Áhrif stöðunnar í Grindavík á reksturinn á árinu.
3. Endurskoðun gjaldskráa fyrir 1. júlí nk.
4. Samstarfssamningur við Sorpu.
5. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundu. Framkvæmdastjórinn fór m.a. öryggis- og umhverfismál, frí framkvæmdastjóra í sumar, brennsluna í maí 2024, botnösku, efnisflokkar og úrvinnslugjald og bráðabirgðauðrskurður ESA vegna Sorpu sem mögulega getur haft áhrif á Kölku.

2. Áhrif stöðunnar í Grindavík á reksturinn á árinu.

Ragnheiður fór yfir stöðuna í Grindavík og helstu fyrirspurnir og ábendingar bæjarbúa Grindavíkinga. Ragnheiður fór yfir erindi frá bæjarstjórn Grindavíkur, sem var eftirfarandi:

“Bæjarstjórn Grindavíkur leggur til að Kalka endurskoða opnunartími gámasvæðisins í Grindavík, tíðari losun þess að auka aðgengi að svæðinu tímabundið á meðan eftirspurn eftir þjónustunni er mikil með því að lengja opnun á laugardögum og að hafa opið á sunnudögum. Jafnframt óskar bæjarstjórn eftir að nytjagámi verði komið fyrir í bæjarfélaginu til að lágmarka umhverfisáhrif og almennt sóun. Þá er óskað eftir samtali við Kölku um almenna sorphirðu í Grindavíkurbæ.”

Stjórn ræddi og tók vel í tillögu bæjarstjórnar Grindavíkur. Starfsmenn Kölku munu fylgja þessu eftir og vera í samskiptum við Grindavíkurbæ.

3. Endurskoðun gjaldskráa fyrir 1. júlí nk.

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að gjaldskrárbreytingu 1. júlí nk. Framkvæmdastjórinn fór yfir stöðuna og áhrif ástandsins í Grindavík á reksturinn á árinu, sem kemur ekki til með að hafa umtalsverð áhrif á rekstur Kölku að teknu tilliti til þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til. Framkvæmdastjóri fór yfir heildarfrávik af rekstrartekjum og rekstrargjöldum, m.a. mögulegan sparnað v. jákvæðra frávika. Framkvæmdastjórinn fór yfir stöðuna í brennslu og brennsluefnum undanfarið. Stjórn fól framkvæmdastjóra og formanni að útfæra gjaldskrárbreytingu á flokki “annað”.

4. Samstarfssamningur við Sorpu

Framkvæmdastjóri fór yfir samstarfssamning við Sorpu varðandi efnisstrauma. Stjórn hafði engar athugasemdir við samstarfssamninginn. Stjórn fól framkvæmdastjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Köllu.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:07

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 13. ágúst 2024.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Eiður Ævarsson

Ingbór Guðmundsson

Steinþór Þórðarson